

Nd.

624. Nefndarálit

um frumvarp til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur, þgskj. 309.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Máli þessu hefir áður verið hreyft á Alþingi, og þá í sambandi við sameiningu jarðanna Laugarness og Klepps við Reykjavík. Þannig vaxið var málið borið fram á Alþingi 1893, en Bústaðir og Skildinganes þá undanskilið til samkomulags.

Árin 1905 og 1913 hefir bæjarstjórn Reykjavíkur leitað samkomulags við sýslunefnd Kjósarsýslu um framgang málsins, en sýslunefndin og hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi hafa í bæði skiftin lagst á móti því, enda málið nú þess vegna aftur borið fram á Alþingi.

Ástæður bæjarstjórnarinnar fyrir sameiningunni eru fyrst og fremst afstaða jarðanna til landareignar Reykjavíkur. Reykjavík á land að Skildinganesi öllum megin nema sjávar megin, og sömuleiðis vestan- og norðanvert við Bústaði, en að austanverðu liggja Elliðaáarnar, sem bærinn á, að meiri hluta Bústaðalands. Með sameiningu jarðanna við Reykjavík fengjust því eðlilegri mörk um landareign Reykjavíkur og jafnframt lögum á slitrueign Seltjarnarnesshrepps í landi bæjarins.

Í annan stað mælir það sjerstaklega með sameiningu Bústaða við Reykjavík, að bærinn á nú þá jörð, og því eigi að eins eðlilegast, heldur og jafnvel nauðsynlegt, til þess að bærinn geti haft sem happadrýgst not af jörðinni, að hún liggja að öllu leyti undir Reykjavík. Líku máli gegnir og um Skildinganes, enda þó að sú jörð sje einstakra manna eign, að miklu leyti eign Reykvíkinga.

Þá mælir það og með margnefndri sameiningu, að miklum mun hægra væri bæði um lögregluvörslu, rjettarvörslu og öll skil af jörðunum en nú er, ef þær lægju undir Reykjavík. Og þessi ástæða yrði því rikari, því meiri og fjölbreyttari sem notin yrðu af jörðunum.

Loks gæti Reykjavík og jafnvel landinu staðið það á eigi all-litlu, að geta haft hönd í bagga um notkun Skildinganes, vegna námunda þess við Reykjavík og legu þess að öðru leyti.

1905 amaðist sýslunefnd og hreppsnefnd aðallega við að láta Bústaði lausa, en nú virðast nefndirnar leggja meiri áherslu á það, að fá að halda Skildinganesi. Það ár fundu nefndirnar og aðallega að því, að framlag Reykjavíkurbæjar í notum sameiningarinnar væri eigi nógu hátt, og þó sjerstaklega að því, að sýslunefndinni voru þá ekki ætlaðar neinar bætur, fremur en þegar jarðirnar Laugarnes og Kleppur voru lagðar undir Reykjavík, sbr. lög nr. 5, 23. febrúar 1894.

Í ár, þegar boðnar eru fram bætur bæði til handa sýslusjóði og hrepps-sjóði, er ekki annað borið í vænginn, en að miða verði bæturnar, ekki við *fortíðina*, heldur við *fram tíðina*, eða, eins og tekið er fram af sýslunefndinni, við

»mögulegaleika fyrir því, að allar tekjur til sveitarfélagsins og sýslufélagsins geti aukist þar stórkostlega á ókomnum tíma«. En það er hvorttveggja, að litlar horfur virðast vera á slíkum »möguleguleikum«, enda mundi nefndin leiða hest sinn frá að meta þá, þó að einhverjir væru.

Þá verður og eigi heldur vitnað til þess, að sameining Skildinganes við Reykjavík mundi spilla þeim vonum, sem nýmyndað fjelag um hafnargerð þar syðra þykist gera sjer um góðan árangur af því fyrirtæki, því að samkv. nýbirtri skýrslu forseta fjelagsins er einmitt búist við því, að Skildinganes verði lagt undir Reykjavík, og svo langt frá að það sje talið til skemdar, að þess virðist þvert á móti getið sem meðmæla með fjelaginu.

Nefndin, eða meiri hluti hennar, ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 28. ágúst 1913.

Kristján Jónsson,
framsógumaður.

Lárus H. Bjarnason,
skrifari.

Benedikt Sveinsson.